

Nd.

625. Frumvarp til laga

[174. mál]

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Jónas Árnason, Áki Jakobsson.

1. gr.

Á eftir g-lið 10. gr. laganna kemur nýr stafliður, svo hljóðandi:
Vinnufatakostnað sjómanna og annars verkafólks.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að kostnaður sá, sem verkafólk verður fyrir vegna vinnufataslits, skuli dreginn frá, þegar tekjur eru taldar fram til skatts. Kostnaður þessi er að visu mismunandi eftir starfsgreinum, en hjá mörgum er hann svo tilfinnanlegur, að fullkomið óréttlæti mætti kallast, ef ríkisvaldið vildi engu sinna óskum um, að hér yrði á einhvern hátt létt undir. Þessara óska er nú mjög farið að gæta, einkum meðal togarasjómanna, enda er þungstur þeirra baggi í þessum efnunum. Hafa þeir og alloft látið frá sér heyra í málinu, og á þessum vettvangi verður sennilega beztur sá rökstuðningur að vitna til nýskrifaðrar greinar eftir einn þeirra, en þar segir svo meðal annars:

„Maður, sem fer til sjós á togara og þarf að kaupa sér hlífðarföt, eyðir meiri hluta þess kaups, sem gera má ráð fyrir að hann fái fyrir túrinn, ef hann útbýr sig sæmilega með fatnað. — Nauðsynleg fatakaup mundu verða:

Tveir stakkar á 240 kr. stykkið	kr. 480.00
Tvö pör stígvél á 180—240 kr.	— 400.00
Einn sjóhattur	— 40.00
Sex pör fingravettlinga á 10 kr. parið	— 60.00
Tvö pör sjóvettlinga á 20 kr. parið	— 40.00

Samtals kr. 1020.00

Ótalin eru vinnuföt, svo sem peysur, buxur og annar nauðsynlegur fatnaður, sem óhætt er að fullyrða að mundi kosta um kr. 2000.00.“ — Þegar síðan við þennan byrjunarkostnað bætist endurnýjunar- og viðhaldskostnaður af fötunum, þá mun varla ofmælt, að samanlagður vinnufatakostnaður fullstarfandi togarasjómans sé aldrei undir 5 þús. kr. á ári.

Dæmið um togarasjómenn er að visu þungvægast í rökstuðningi fyrir nauðsyn þessa máls, en fleiri svipuð dæmi mætti nefna, og þykir því flm. fara bezt á því að láta ákvæði frumvarpsins ná til alls verkafólks.

Hér er á ferðinni réttlætismál, sem óskandi er, að Alþingi beri gæfu til að samþykkja.